

Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Símafundur stýrihóps 2.2.2015 kl. 15:00

Mætt: Árni Óðinsson (Landsvirkjun), Dagný B. Reynisdóttir (staðgengill Geirs Sigurpáls Hlökkverssonar, Alcoa Fjarðaál), Else Möller (Austurbrú), Freyr Ævarsson (Fljótsdalshérað), Fríða Björg Eðvarðsdóttir (Landvernd), Guðmundur Elíasson (staðgengill Páls Björgvins Guðmundssonar, Fjarðabyggð), Guðrún Á. Jónsdóttir (Austurbrú), Sigrún Víglundsdóttir (Austurbrú) sem ritaði fundargerð.

Á dagskrá fundarins var að fara yfir niðurstöður vinnufundar og gefa þeim sem ekki komust á fundinn kost á að gera athugasemdir.

Umræður

- Fundargerð, stjórnskipulag og endurskoðaðar verklagsreglur voru samþykktar og má birta þær á vefsíðu verkefnisins.
- Starfsmenn Austurbrúar senda til stýrihóps tillögur að gestafyrirlesurum á ársfundi fyrir 1. mars.
- Búið er að bóka sal fyrir ársfund í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar
- Við rýni á verklagsreglum kom í ljós að verkefnið gengur undir mismunandi nöfnum. Samþykkt að verkefnið heiti: Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar.
- Umræður urðu um það hvernig framþróun verkefnisins væri best borgið og hvort tímabært væri að kalla samráðshóp saman í þá vinnu. ÁÓ og DBR kanna afstöðu sinna fyrirtækja til þessa máls enda líklegt að einhver kostnaður fylgi og er þá horft til þess að samráðshópur yrði kallaður saman árið 2016.
- Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með seinasta vinnufund og ræddu að gott væri að hafa vinnufundi vor og haust og símafundi á milli. Stefnt að vinnufundi í september-október með áherslu á framþróun verkefnisins.
- Næsti símafundur stýrihóps áætlaður um mánaðarmótin febrúar – mars. Allir beðnir að vera opnir fyrir hugmyndum varðandi ársfund.

Fundi slitið kl. 15:25